

REGLUGERÐ

um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum sem innihalda landbúnaðarhráefni og falla undir upptalin tollskránumer skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á m.v. kg/kg. Þó skal samanlagður tollur, vörugjald og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37% af tollverði í vörulið 1905.

Tollskránumer	kr/kg	Tollskránumer	kr/kg
0403.1001	66	1901.2023	99
0403.1003	35	1901.2024	67
0403.9001	28	1905.9051	99
0403.9002	28	1905.9059	67
0403.9003	28	2202.9001	43

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 630/1976 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 126/1993 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. maí 1994. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 47/1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. apríl 1994.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.